

**7. fundur nefndar um byggingu fjölnota knattspyrnuhúss
haldinn í fundarherbergi 4. hæð í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 21. janúar 2019 og
hófst hann kl. 11:00.**

Fundinn sátu:

Kristján Þór Kristjánsson aðalmaður, Sif Huld Albertsdóttir aðalmaður og
Sigurður Jón Hreinsson aðalmaður.

Embættismenn:

Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Fundargerð ritaði: Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Dagskrá:

1. Uppbygging knattspyrnumannvirkja á Torfnesi - 2017010066

Lögð fram til kynningar kostnaðargreining frá Verkís hf., dagsett 15. janúar 2019, á
fjölnota kanttspyrnuhúsi sem annarsvegar er 46m x 61m og hinsvegar 46m x 70m.

*Nefnd um byggingu fjölnota knattspyrnuhúss leggur til við bæjarstjórn að byggt
verði óeinangrað hús að stærð 46m x 70m innan byggingareits fyrir fjölnotahús á
Torfnesi, einnig að heimilað verði í útboði að gera frávikstilboð með einangruðu
húsi.*

Sigurður Jón Hreinsson vill að fært sé til bókar, að hann sé ekki sammála því að þessi
staðsetning á húsinu sé sú heppilegasta fyrir nýtingu á húsinu og framtíðar nýtingu á
svæðinu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:05

Kristján Þór Kristjánsson

Sif Huld Albertsdóttir

Sigurður Jón Hreinsson

Brynjar Þór Jónasson